

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/2004

Merki og myndhönnun ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 30. desember 2004, hafa Merki og myndhönnun ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2004](#), dags. 3. desember 2004. Í hinni kærðu ákvörðun komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi hefði brotið gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með notkun á léninu merkingar.is.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Samkeppnisstofnun barst þann 3. nóvember 2003 erindi Merkingar ehf., þar sem kvartað var yfir skráningu og notkun áfrýjanda á léninu merkingar.is. Í erindinu kom fram að

áfrýjandi væri keppinautur fyrirtækisins í skiltagerð. Lén Merkingar ehf. væri merking.is. Hafi lénið verið í notkun frá fyrstu dögum netvæðingar. Þá kom fram að samkvæmt áreiðanlegum heimildum hafi tölvupóstur ruglast á milli fyrirtækjanna. Að mati kvartanda væri tilgangur notkunar áfrýjanda á léninu merkingar.is að líkja eftir og notfæra sér sterka markaðsstöðu Merkingar ehf. Væri notkunin brot á 20. gr., d- og g-liða 20. gr. a. og 25. gr. samkeppnislaga.

Erindi Merkingar ehf. var sent til umsagnar áfrýjanda með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 7. nóvember 2003. Var þess getið að stofnunin teldi að 20. og 25. gr. samkeppnislaga kæmu til álita í máli þessu en ekki 20. gr. a. Í svarbréfi áfrýjanda, dags. 4. desember 2003, kom fram að það væri ekki ætlunin af hans hálfu að notfæra sér sterka markaðsstöðu kvartanda. Á þeim tíma sem hann hafi notað lénið merkingar.is hafi komið upp ruglingur á milli fyrirtækjanna en í öllum tilfellum hafi verið greitt úr þeim misskilningi eins fljótt og auðið hafi verið. Aldrei hafi fyrirtækið hagnast á ruglingnum. Lénið merkingar.is hafi verið notað í rúm tvö ár samfleytt og ekki hafi borist kvörtun fyrir en nú. Hafi mikið verið lagt í að auglýsa lénið í blöðum, á veltiskiltum, á iInternetinu og víðar. Heiti fyrirtækisins væri of langt til þess að hægt væri að nota það í heild sinni sem nafn á léni. Þá var bent á að fyrirtækið taki að sér merkingar og liggi því beint við að nota lénið merkingar.is. Að lokum vísaði áfrýjandi til þess að nokkuð bæri á því að nöfn á lénnum séu lík enda erfitt að komast hjá því þar sem mörg fyrirtæki innan sömu starfsgreinar beri svipuð heiti og/eða taki að sér svipuð verk.

Á fundi samkeppnisráðs 3. desember 2004 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Merki og myndhönnun ehf. hefur með notkun á lénnafninu merkingar.is brotið gegn ákvæðum 20. gr. og 2. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga og með vísan til 20. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Merki og myndhönnun ehf., Skeifunni 8, Reykjavík, að nota lénnafnið merkingar.is.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum eftir birtingu.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst 18. janúar 2005. Áfrýjandi kaus ekki að koma að frekari athugasemdum í málinu. Fyrir liggur að bú kvartanda, Merkingar ehf., kt. 691079-0589, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms uppkveðnum 16. apríl 2004. Skiptastjóra þrotabúsins voru send gögn málsins til kynningar. Í bréfi hans til áfrýjunarnefndarinnar, dags. 1. febrúar 2005, kemur fram að hann telur að firmanafn og réttindi því tengd séu enn í eigu þrotabúsins. Hins vegar segir hann að þrotabúið muni ekki hafa nein afskipti af málinu þar sem engir fjármunir séu til að standa straum af kostnaði við slíkt og hagsmunir búsins af málalokum séu mjög takmarkaði.

III.

Helstu sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt að bú kvartanda, Merkingar ehf., kt. 691079-0589, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Kvartandi sé ekki lengur til sem lögaðili í starfsemi heldur eingöngu sem þrotabú sem hafi enga aðra starfsemi en starfsemi þrotabús [svo]. Telur hann að lögaðili þessi geti ekki verið aðili að stjórnslukæru og þegar af þeirri ástæðu verði að fella ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi þar sem hagsmunir félagsins sem kæri til samkeppnisyfirvalda séu ekki lengur fyrir hendi. Ekki hafi komið fram að skipt hafi verið um aðila að málinu og ekki hafi heldur verið sýnt fram á að heimilt væri að skipta um aðila að kæru undir rekstri málsins. Verði því að ætla að kvartandi hafi enga hagsmuni af úrlausn þess eins og það liggja nú fyrir og því beri að úrskurða honum í vil eða fella málið niður þannig að óbreytt ástand haldist. Þá vísar áfrýjandi til þeirra röksemda sem fram komu af hans hálfu á fyrri stigum málsins.

Sjónarmið samkeppnisráðs

Af hálfu samkeppnisráðs er á það bent að við málsmeðferð og úrlausn málsins hafi aldrei komið fram að starfsemi kvartanda, Merkingar ehf., hafi verið hætt í upphafi árs 2004 eða

að nýtt fyrirtæki hafi tekið yfir starfsemina. Ekki fáist séð að þetta skipti máli varðandi niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar. Eftir sem áður hafi áfrýjandi með skráningu og notkun sinni á léninu merkingar.is brotið gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Að öðru leyti er af hálfu samkeppnisráðs vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

IV.

Niðurstaða

Áfrýjandi hefur sett fram þær röksemdir í kæru að Merking ehf. sé ekki lengur lögaðili í starfssemi og hafi því ekki lögvarða hagsmuni af úrslitum málsins og því beri að fella ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi. Þrotabú Merkingar ehf. hefur lögum samkvæmt yfirtekið réttindi og skyldur hins gjaldþrota félags til firmanafns og tengdra réttinda og þegar af þeirri ástæðu hafa framangreindar röksemdir áfrýjanda ekki þýðingu í málinu.

Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2004, dags. 3. desember 2004, eru færð ítarleg rök fyrir niðurstöðu ráðsins. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst að öllu leyti á þá röksemdafærslu og þykir því rétt að staðfesta ákvörðunina til vísan til þeirra raka.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2004 frá 3. desember 2004 er staðfest.

Reykjavík, 8. febrúar 2005

Páll Sigurðsson

Brynhildur Benediktsdóttir

Lárus L. Blöndal